



Samráðsgátt

Múlaþingi, 08. Júní 2021

Vegna málsnúmers nr. 202011068

Umsögn heimastjórnar Borgarfjarðar við reglugerð um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Glettinganesi. Mál nr. 124/2021.

Heimastjórn Borgarfjarðar fagnar því að komin sé fram reglugerð sem loki „Skápnnum“ og þakkar viðhaft samráð um málið. Lokunin breytir forsendum smábátaútgerðar á staðnum til hins betra. Þó vill heimastjórn benda á að vandi heimamanna er að þessu máli snýr er árlegur og vill því koma með eftirfarandi breytingartillögu:

Að fyrstu setningu 1.gr. reglugerðarinnar þar sem nú stendur:

„Frá og með 1. júlí 2021 til og með 31. desember 2021“

Verði breytt svo þar standi:

„Frá og með 1. júlí til og með 31. desember ár hvert“

Þau gögn sem unnin voru í tengslum við málið hafa sýnt að hagsmunir togaraútgerða eru smávægilegir en fyrir útgerð og búsetu á Borgarfirði skiptir gríðarlegu máli að suðurenda „Skápsins“ sé lokað ár hvert.

f.h. heimastjórnar Borgarfjarðar

Eypór Stefánsson, formaður

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir

Sími: 4 700 700

mulathing@mulathing.is

mulathing.is